

Faggildingarsvið Hugverkastofu
04 252

Ársreikningur 2020

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Faggildingsvið Hugverkastofu

520319-2120

Engjateig 3, 105 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Faggildingarsvið Hugverkastofu er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs.

Faggilding var upphaflega starfrækt á Löggildingarstofu en færðist yfir til Neytendastofu til skamms tíma. Frá apríl 2006 hefur Faggilding haft aðsetur hjá Hugverkastofunni og heyrir undir stofnunina sem sjálfstætt starfandi svið.

Faggildingarsvið Hugverkastofunnar ber einnig nafnið ISAC sem er skammstöfun á ensku heiti sviðsins, Icelandic Board for Technical Accreditation.

ISAC - faggildingarsvið er sjálfstætt starfandi svið innan Hugverkastofunnar og er starfsemi þess fjárhagslega aðgreint frá annarri starfsemi stofnunarinnar.

Helstu verkefni eru vegna faggildingar en sviðið hefur einnig það verkefni að meta tilnefnda aðila og annast málefni er lúta að reglum OECD um góðar starfsvenjur við rannsóknir (GLP).

Starfsemi sviðsins fellur undir málefnasvið 7 og málaflokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 42,5 milljónir og afkoma kr. 0,3 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 4,9 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 16,5 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Faggildingarsviðs Hugverkastofu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Faggildingarsviðs Hugverkastofu fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Borghildur Erlingsdóttir
Forstjóri

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	33.300.000	33.300.000
Aðrar tekjur		6.971.650	12.393.979
Framlög og ýmsar tekjur	4	2.209.244	2.790.334
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	55.814	0
Tekjur samtals		42.536.708	48.484.313
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	30.703.629	25.840.692
Annar rekstrarkostnaður	6	11.464.604	15.618.442
Afskriftir	7	55.814	0
Gjöld samtals		42.224.047	41.459.134
Afkoma fyrir fjármagnsliði		312.661	7.025.179
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		0	(5.680)
		0	(5.680)
Afkoma ársins		312.661	7.019.499

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	7		
Áhöld, tæki og búnaður		347.571	0
Fastafjármunir samtals		<u>347.571</u>	<u>0</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		5.306.416	4.878.797
Tengdir aðilar	8	7.728.927	12.150.062
Handbært fé		3.129.027	1.742.941
Veltufjármunir samtals		<u>16.164.370</u>	<u>18.771.800</u>
Eignir samtals		<u><u>16.511.941</u></u>	<u><u>18.771.800</u></u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	9		
Hrein eign		4.882.661	7.019.499
Eigið fé samtals		<u>4.882.661</u>	<u>7.019.499</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	8	5.966.010	7.209.666
Viðskiptaskuldir		288.716	0
Ýmsar skammtímaskuldir	10	4.430.368	4.042.635
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	11	944.186	500.000
Skuldir samtals		<u>11.629.280</u>	<u>11.752.301</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>16.511.941</u></u>	<u><u>18.771.800</u></u>
Aðrar upplýsingar	12		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		312.661	7.019.499
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir		55.814	0
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(55.814)	0
		<u>312.661</u>	<u>7.019.499</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(427.619)	(4.878.797)
Tengdir aðilar		824.595	(4.440.396)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		676.449	4.042.635
		<u>1.073.425</u>	<u>(5.276.558)</u>
		<u>1.386.086</u>	<u>1.742.941</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	7	(403.385)	0
		<u>(403.385)</u>	<u>0</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Fjárfestingarframlag		403.385	0
		<u>403.385</u>	<u>0</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		1.386.086	1.742.941
		<u>1.742.941</u>	<u>0</u>
		<u>3.129.027</u>	<u>1.742.941</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskila þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggir atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frárdreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skýringar

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- skuldbinding vegna eiginfjárframlaga: umsamin fjárhæð eiginfjárskriftar sem ekki hefur verið viðurkennd til greiðslu eða er innkallanleg fyrir dagsetningu reikningsskila
- leiguskuldbinding: óuppsægjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsægjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2020	2019
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	33.300.000	33.300.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	55.814	0
	<u>33.355.814</u>	<u>33.300.000</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	33.300.000	0	0	33.300.000
Fjárveiting til tekna	33.300.000	0	0	33.300.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum	(32.987.339)	0	0	(32.987.339)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	312.661	0	0	312.661

	2020	2019
4 Framlög og ýmsar tekjur		
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	2.209.244	2.790.334
	<u>2.209.244</u>	<u>2.790.334</u>

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	24.527.851	20.624.194
Orlof, breyting	511.423	410.231
Launatengd gjöld	5.584.355	4.726.267
Starfsmannakostnaður	80.000	80.000
	<u>30.703.629</u>	<u>25.840.692</u>

Meðalfjöldi stöðugilda	1,9	1,9
------------------------------	-----	-----

	2020	2019
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	30.898	11.028
Ýmis tæki og áhöld	74.878	12.218
Matvæli	45.364	46.775
Vörukaup, almenn	151.140	70.021
Fundir, námskeið, risna	8.980	2.341.175
Ferðir, uppihald	160.935	2.829.342
Akstur	21.482	43.792
Sérfræðiþjónusta	7.828.975	10.270.831
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	15.005	27.487
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	8.035.377	15.512.627
Afnotagjöld	44.987	35.794
Kostnaðarhlutdeild	3.200.000	0
Opinber gjöld	33.100	0
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	3.278.087	35.794
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>11.464.604</u>	<u>15.618.442</u>

Skýringar

7 Varanlegir rekstrarfjármunir 31.12.2020 31.12.2019

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	347.571	0
	<u>347.571</u>	<u>0</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2020:

	Áhöld, tæki og búnaður
Staða 1.1.2020	0
Viðbætur á árinu	403.385
	<u>403.385</u>
Afskriftir 1.1.2020	0
Afskrift ársins	55.814
	<u>55.814</u>
Staða 31.12.2020	<u>347.571</u>

31.12.2020 31.12.2019

8 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	7.728.927	12.150.062
	<u>7.728.927</u>	<u>12.150.062</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	5.966.010	7.209.666
	<u>5.966.010</u>	<u>7.209.666</u>

9 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2020	31.12.2019
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	7.019.499	0
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	(2.449.499)	0
Afkoma ársins	312.661	7.019.499
Jöfnuður 31.12.	<u>4.882.661</u>	<u>7.019.499</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirlæsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

	31.12.2020	31.12.2019
10 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	4.430.368	3.918.945
Ógreidd laun	0	123.690
	<u>4.430.368</u>	<u>4.042.635</u>

Skýringar

11 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	347.571	0
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	596.615	500.000
	<u>944.186</u>	<u>500.000</u>

	Frestaðar tekjur vegna	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2020	0	500.000	500.000
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	500.000	500.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	403.385	(403.385)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(55.814)	0	(55.814)
	<u>347.571</u>	<u>596.615</u>	<u>944.186</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2020 munu kr. 0,1 milljónir koma til tekna á árinu 2021.

12 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Engir skuldbindandi samningar

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvilandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.